

Bankinn Hauck & Aufhäuser stofnaður fyrir 206 árum

Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA, sem á nú stærsta einstaka hlutinn í Búnaðarbankanum, er 70% í eigu einstaklinga og 30% stofnanafjárfesta. Hann er einn virtasti banki Þýskalands í einkaeigu. Hann var stofnaður fyrir 206 árum og er meðal annars með starfsemi í Sviss og Lúxemborg.

Bankinn sérhæfir sig í sjóða- og eignastýringu fyrir stofnanir og einkaaðila, umsjón verðbréfa fyrir sjóði og fjármálastjórn fyrirtækja og einstaklinga.

Nokkrar ástæður liggja að baki þeirri ákvörðun eigenda Hauck & Aufhäuser Privatbankiers að fjárfesta í Búnaðarbankanum. Í fyrsta lagi er Búnaðarbankinn vænleg fjárfesting en þýski bankinn telur sig einnig hafa hag af því að miðla af sérþekkingu sinni til BÍ. „Við höfum fjárfest í mörgum miðlungsstórum einkafyrirtækjum og einnig náð góðum árangri við samruna og yfirtökur á síðustu fjórum árum,” segir Peter Gatti, einn af framkvæmdastjórum og eigendum Hauck & Aufhäuser Privatbankiers, sem var viðstaddur undirskriftina í dag. „Við höfum sjálfir mjög jákvæða reynslu af samruna okkar við Bankhaus Aufhäuser í München, sem áður var í eigu Bayerische Landesbanke. Samhliða samrunanum var bankinn einkavæddur og síðan þá hefur arðsemi eiginfjár aukist verulega.“

Í árslok 2001 fór bankinn með stjórn eigna og sjóða að andvirði 12 milljarða evra. Brúttó heildareignir í samstæðureikningum námu 1.694 milljónum evra og eigið fé 107 milljónum evra. Á síðustu þremur árum hefur bankinn skilað nærri því 30% arðsemi á eigið fé eftir skatta.